

Pankastrik bæjarstjóra vegna kynningar á mótvægisáðgerðum ríkisstjórnarinnar vegna skerðingar á þorskveiðiheimildum

Ráðherrar kynntu í dag mótvægisáðgerðir sem ákveðnar hafa verið vegna þeirra harkalegu skerðingar á þorskveiðiheimildum sem ákveðin var á yfirstandandi fiskveiðiári og sem standa á a.m.k næstu ár. Það verður að viðurkennast að nokkur vonbrigði sitja eftir þegar listinn yfir boðaðar áðgerðir hefur verið rýndur. Það er þó alls ekki svo, að ekkert bitastætt sé í ákvörðunum ráðherranna. Augljóslega þurfa allir aðilar sem verða fyrir áföllum að hafa nokkuð fyrir því að fá ríkisvaldið til þess að beina fjármagni til sinna byggða. Það er ljóst af lestri fréttatilkynningarinnar að allir verða m.a. að leita eftir framlögum úr atvinnuþróunarsjóðum, framlögum til símenntunarverkefna, framlögum til ferðaþjónustu, framlögum vegna minni tekna hafna og þannig má áfram telja. Ekkert mun koma til byggðarlaga utan Vestfjarða, Norðurlands, Vestmannaeyja og Suðausturlands nema leitað verði sérstaklega eftir framlögum eins og minnst var á. Áðgerðirnar eru að talsverðu leyti það almennar og ekki staðsettar að byggðarlögin þurfa að setja sig í stellingar til þess að reyna að toga eitthvað í sinn rann á hverjum stað. Undirritaður rýndi fréttatilkynningu ráðherranna í leit að einhverju sérstaklega merktu Snæfellsnesi og Grundarfirði. Ekkert fannst sem merkt er Grundarfirði og veldur það undrun og vonbrigðum. Í einni málsgrein fréttatilkynningarinnar er nefnt að nú aðilar fái 20 milljónir króna og eru nefndar þrjár stofnanir á Snæfellsnesi sem eru í þeim hópi, þ.e. Háskólaþinginn í Stykkishólmi, Hafrannsóknarstofnun í Ólafsvík og Sjávarannsóknarsetur í Ólafsvík. Ekki er þetta mikið en þó betra en ekki neitt. Þetta verður þó að teljast ansi rýrt fyrir Snæfellsnesið allt og veldur vonbrigðum.

Sveitarfélög, sem verða fyrir því að hafnir þeirra missa tekjur vegna minnkunar í lönduðum afla og minni umferðar fiskiskipa, geta sótt um framlög frá Jöfnunarsjóði af sérstöku 750 milljóna króna framlagi á þremur árum til þeirra þarfa. Grundarfjarðarbær mun örugglega reyna að fá framlög úr þessum sjóði, en segja verður þá sögu eins og hún er, að Jöfnunarsjóði hefur tekist fimlega undanfarin ár að sneiða fram hjá Grundarfjarðarbæ þegar sérstökum framlögum frá ríkissjóði hefur verið úthlutað svo varað er við bjartsýni um árangur. Veitt verður framlögum til þess að auka svigrúm fiskvinnslufyrirtækja til þess að halda fólki á launaskrá þrátt fyrir minnkandi þorskveiðar. Fiskvinnslufyrirtækin eru hvött til þess að fylgjast vel með þessu þegar að þessum kafla kemur á næsta ári. Veitt verður framlögum til þess að styrkja starfsemi símenntunarmiðstöðva og atvinnuþróunarfélaga. Það er ástæða til þess að fylgjast vel með þessu og láta tækifæri á þessu sviði ekki fram hjá okkur fara. Sérstökum framlögum er veitt til nokkurra framhaldsskóla en afar snyrtilega er sneitt fram hjá Fjölbrotaskóla Snæfellinga þó þar sé brýn þörf fyrir áðgerðir af hálfu ríkisins. Athygli vekur að sérstöku framlagi að upphæð 160 milljónir króna verður veitt til þess að efla ferðaþjónustu á þeim svæðum sem verst verða úti vegna skerðingarinnar. Ferðaþjónustuaðilar í Grundarfirði eru hvattir til þess að fylgjast vel með og láta sinn hlut ekki eftir liggja ef möguleikar verða á framlögum til þróunar í þessari atvinnugrein. Veitt verður 150 milljóna króna framlagi til jarðhitaleitar og á því sviði eigum við brýnt erindi að reka. Greiðslubyrði Bygðastofnunar verður létt á næstu árum svo hún verði betur í stakk búin til þess að aðstoða sjávarútvegsfyrirtæki yfir þetta erfiða tímabil. Það er ástæða fyrir sjávarútvegsfyrirtækin að kanna hvort þetta geti verið tækifæri til þess að létta, a.m.k tímabundið greiðslubyrði lána. Hugað verður sérstaklega að atvinnumálum kvenna í sjávarbyggðum. Fylgst verður með

Þróun á þessu sviði og kannað hvort þessi þáttur geti á einhvern hátt komið til góða í Grundarfirði og á Snæfellsnesi öllu.

Eins og fram er komið finnst talsvert í ákvörðunum ráðherranna sem vert er að skoða og sækja í ef mögulegt verður. Það sem fram er komið er allt jákvætt og mun hafa sín áhrif til þess að milda þetta mikla högg sem sjávarbyggðir verða fyrir á þessu og komandi árum. Þetta getur þó ekki verið hinn endanlegi pakki ef svo má að orði komast. Sveitarfélögin og ríkið hljóta að þurfa að skoða sértækt aðstæður í byggðarlögum eins og Grundarfirði og huga að markvissum aðgerðum á hverjum stað til þess að svokallaðar mótvægisáðgerðir rísi undir nafni. Líta verður svo á að ráðherrunum hafi ekki unnist tími til þess að fara yfir tillögur frá bæjarráði Grundarfjarðarbæjar og þess vegna sé ekkert í tillögunum sem kemur Grundarfirði sérstaklega til góða á móti töpuðum tekjum. Ef það er ekki raunin, þá er málið grafalvarlegt og rík þörf fyrir að þingmenn kjördæmisins geri grein fyrir því af hverju er gengið fram hjá byggðarlaginu. Þeir verða rukkaðir um svör.

Bæjarráð Grundarfjarðarbæjar sendi ábendingar til ríkisstjórnarinnar um staðbundnar áðgerðir hér sem duga myndu til þess að létta byggðarlaginu, fólkinu og fyrirtækjunum verkefnin á komandi misserum. Sérstök áhersla er lögð á að mótvægisáðgerðir fyrir byggðarlagið komi fram fljótt og stuðli að því að þróttur þess dvíni ekki. Ríkisstjórnin hefur ekki ennþá svarað þessum ábendingum og útspil ráðherranna í dag kom aðeins að takmörkuðu leyti inn á það sem bæjarráðið lagði áherslu á. Íbúar og bæjarstjórn Grundarfjarðarbæjar munu halda sínu striki og slá ekki af, enda kjarkur og dugnaður mikill. Það gengur ekki annað en að ríkið komi myndarlega að málum í Grundarfirði í kjölfar skerðingaraðgerða þeirra sem nú ganga yfir.

Í Grundarfirði 12. september 2007,

Guðmundur Ingi Gunnlaugsson,
bæjarstjóri Grundarfjarðarbæjar